



EUROPEAN ANTI POVERTY NETWORK
Evrópsk samtök gegn fátækt.

Félagasamtökin
EAPN á Íslandi,
samtök gegn fátækt.
Háaleitisbraut 66,
108 Reykjavík
Kt: 610212-0420
reikn. 115-05-60563

Nefndarsvið Alþingis
Velferðarnefnd
Austurstræti 8 – 10
150 Reykjavík

Reykjavík 26. mars 2021

Efni: Umsögn EAPN á Íslandi, samtök gegn fátækt og Pepp Ísland grasrót fólks í fátækt um frumvarp til laga um breytingu á lögum um almannatryggingar nr 100/2007 (raunleiðrétting) þingskjal 778- 458. mál.

Við fögnum því að frumvarpið sem hér er til umsagnar hafi verið lagt fram og við lýsum hér með eindregnum stuðningi við samþykkt þessa frumvarps. Við hvetjum nefndina til að afgreiða þetta mikilvæga frumvarp úr nefnd þannig að það komist strax í þinglega meðferð og þaðan í framkvæmd og verði okkar skjólstæðingum til gagns hið allra fyrsta.

Það er mikið réttlætismál fyrir fatlaða og langveika að kjaragliðnun örorkulífeyris sé ekki bara stöðvuð heldur einnig að unnið verði að leiðréttingu í framhaldinu því eins og kemur fram í skýrslu Kolbeins Stefánssonar um 69 gr laga um almannatryggingar, þá er enn 70 þúsund króna gliðnun óbætt frá hruni - nokkuð sem þessi hópur fólks upplifir sem sértæka refsingu stjórnvalda í sinn garð á sama tíma og það er ljóst að undirritun og fullgilding samnings sameinuðu þjóðanna um réttindi fatlaðs fólks (SRFF) þýðir að íslenska ríkið er bundið með þjóðarrétti til að uppfylla þær skyldur sem kveðið er á um í samningnum.

Við teljum að með því fjárhagslega sveltum fatlaðum og langveikum hafa lifað við frá árinu 1997 sé gengið í bága við SRFF því um leið og örorka er ávísun á fátækt þá eru minni líkur á; almennri virkni, virkri þátttöku í samfélaginu án aðgreiningar, jöfnum tækifærum, sjálfstæðu lífi, jafnrétti og virðingu fyrir mannlegri reisn þeirra svo eitthvað sé nefnt.

Í formála SRFF lið M segir; Ríkin, sem eiga aðild að samningi þessum: m) viðurkenna verðmæti núverandi og verðandi framlags fatlaðs fólks til almennrar velsældar og fjölbreytni samfélaga sinna, eins og það er nú og getur orðið, að efling allra mannréttinda, grundvallarfrelsis og virkrar samfélagsþátttöku muni leiða til sterkari tilfinningar um að það tilheyri samfélaginu og til umtalsverðrar framþróunar samfélagsins, jafnt á mannlega sviðinu sem og því félagslega og efnahagslega, og til þess að fátækt verði útrýmt,



EUROPEAN ANTI POVERTY NETWORK
Evrópsk samtök gegn fátækt.

Félagasamtökin
EAPN á Íslandi,
samtök gegn fátækt.
Háaleitisbraut 66,
108 Reykjavík
Kt: 610212-0420
reikn. 115-05-60563

Reynsla Pepp Ísland, grasrót fólks í fátækt er því miður sú að með því að halda örorkulífeyrispegum á tekjum langt undir eðlilegri launapróun er þeim ýtt út á jaðar samfélagsins án eðlilegrar samfélagsþátttöku, ýtt er undir skömm og vanmátt innan hópsins og þannig tryggt að samfélagið hafni þátttöku þeirra.

Stærsti einstaki skjólstæðingahópurinn innan Pepp eru örorkulífeyrisþegar, þá sér í lagi einstæðir foreldrar á örorkulífeyri en þeir búa ásamt börnum sínum við langerfiðustu aðstæðurnar, sérstaklega nú á covid tímum og á meðan baráttan stendur um þak yfir höfuðið og að eiga mat á borðum þá verður velferð barnanna alltaf útundan og það vitum við að mun kosta samfélagið stórar upphæðir til langs tíma. A.m.k. má ætla að um mun hærri upphæðir sé að ræða en það hefði kostað að styðja við þessar fjölskyldur með hærri örorkulífeyri og auknum húsnæðis/vaxta og barnabótum.

Eins og áður hefur komið fram hafa hafa greiðslur almannatrygginga ekki hækkað til samræmis við vísitölu neysluverðs eða við launavísitölu frá því að núverandi ákvæði var innleitt og við fögnum breytingartillögum sem því mikilvæga fyrsta skrefi sem hún er í átt að mannréttindum þessa hóps.

Eins og Öryrkjabandalag Íslands minnum við á að fatlaðir einstaklingar skuli njóta stöðugt batnandi lífskjara og að ríkið skuli tryggja að slíkt fái forgang. Við tökum undir umsögn Öryrkjabandalagsins sem er skýr og greinargóð og hefur fullan stuðning okkar og við endurtökum lokaorð ÖBÍ

Ekkert um okkur án okkar!

Ásta Þórdís Skjalddal
Stjórnarmaður EAPN á Íslandi og
Samhæfingarstjóri grasrótarinnar Pepp Ísland